

Um réttindi og skyldur starfsmanna bæjarstjórnar gilda ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eftir því sem við getur átt, nema annað sé sérstaklega ákveðið í samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjóri f. h. bæjarstjórnar getur sett starfsmönnum erindisbréf og ákveðið þar starfssvið þeirra.

Skyllt er starfsmönnum að hlýða breytingum á starfssviði sínu, enda missi þeir einskis af launum við þá breytingu.

## IX. KAFLI

### Breytingar á samþykktinni.

#### 48. gr.

Til þess að gera breytingar á samþykkt þessari, þarf umræður á tveimur fundum í bæjarstjórn, samþykki meiri hluta atkvæða og staðfestingu félagsmálaráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin samþykkt um stjórn bæjarmála Ísafjarðarkaupstaðar nr. 200 19. okt. 1971.

*Félagsmálaráðuneytið, 21. júlí 1975.*

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

*Guðmundur Karl Jónsson.*

## REGLUGERÐ

### um niðurgreiðslu verðs á brennsluolíu til íslenskra fiskiskipa.

#### 1. gr.

Oliusjóður fiskiskipa skal starfræktur í þeim tilgangi að greiða niður verð á brennsluolíu til íslenskra fiskiskipa og skulu tekjur sjóðsins vera af sérstöku útflutningsgjaldi, sem hér segir:

- a. 8% af fob-verði útfluttra sjávarafurða, annarra en þeirra sem getið er í b-, c- og d-lið þessarar greinar, svo og lagmetis og þeirra afurða, sem koma frá hvalveiðum, selveiðum og hrognkelsaveiðum.
- b. 11,5% af fob-verði útflutnings á saltfiski.
- c. 9,5% af fob-verði útflutnings á skreið.
- d. 6% af fob-verði útflutnings á loðnumjöli, loðnulýsi, þorskmjöli, þorskalýsi, fiskimjöli, karfamjöli, karfalýsi, humarmjöli, rækjumjöli, síldarmjöli og síldarlýsi.

#### 2. gr.

Útflutningsgjaldið skv. 1. gr. skal reiknað og innheimt á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru samkvæmt lögum nr. 19 16. apríl 1973 um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Gjaldið fellur í gjalddaga um leið og skip er afgreitt úr höfn eða áður en lagt er af stað til útlanda, ef engrar afgreiðslu er beiðst. Útflýjendur mega þó greiða 80% af gjaldinu þegar gjaldeyrisskil eru gerð, enda sé tryggt að þau fari fram fyrir

milligöngu íslensks banka, og séu tollyfirvaldi greidd 20% af gjaldinu ásamt afhendingu ávísunar á væntanlegt gjaldeyrisandvirði fyrir gjaldinu.

Tekjum af þessu sérstaka útflutningsgjaldi skal haldið aðskildum frá tekjum af öðrum útflutningsgjöldum. Skulu tollyfirvöld og bankar, sem annast gjaldeyris-skil, senda greiðslur jafnóðum til Seðlabanka Íslands, er leggur þær í hinn sérstaka olíusjóð.

### 3. gr.

Seðlabanki Íslands skal annast stjórn og gæslu olíusjóðsins og sjá um niðurgreiðslu til fiskiskipa á þann hátt sem hér segir:

a. Til fiskiskipa sem taka brennsluolíu og landa afla sínum hérlendis.

Miðað við ákvörðun verðlagsnefndar um útsöluverð á brennsluolíu kr. 20.20 pr. líter af gasolíu og kr. 13 515.00 pr. smálest af fuelolíu (950 sec.), skulu olíufélögin selja brennsluolíu til íslenskra fiskiskipa á eftirfarandi verði:

Gasolíu á kr. 5.80 pr. líter.

Fuelolíu á kr. 3 330.00 pr. smálest.

Olíufélögin fá síðan greidda úr Olíusjóði fiskiskipa hjá Seðlabanka Íslands, fjárhæð jafnháa mismuninum á ofangreindu verði til fiskiskipa og útsöluverði söludags eins og það er ákveðið af verðlagsnefnd, samanber þó næstu málsgrein, enda hafi olíufélögin látið sjóðnum í té afrit af kvittuðum sölunótum, þar sem greint er frá nafni og númeri skips, söludegi, sölustað, magni og tegund olíu.

Hækki útsöluverð á brennsluolíu, eins og það er ákveðið af verðlagsnefnd frá því sem að framan er greint, breytist ofangreint söluverð olíufélaganna til íslenskra fiskiskipa að sama skapi, nema annað sé ákveðið.

Miðað skal við að uppgjör til olíufélaganna fari fram mánaðarlega.

b. Til fiskiskipa sem taka brennsluolíu erlendis vegna veiða á fjarlægum miðum eða söluferða á erlenda markaði.

Útgerðir nefndra skipa geta mánaðarlega afhent Olíusjóði kvittaða reikninga vegna kaupa á brennsluolíu erlendis, þar sem greint sé frá nafni og númeri skips, söludegi, sölustað, magni, tegund og einingarverði.

Að lokinni athugun á framlögðum reikningum endurgreiðir sjóðurinn útgerðum skipanna mismun á kaupverði olíunnar og söluverði innlendra olíufélaga til íslenskra fiskiskipa, eins og það er þann dag sem olían er keypt, þó aldrei hærrí upphæð en nemur niðurgreiðslu til innlendu olíufélaganna.

c. Til fiskiskipa sem brenna svartolíu (fuelolíu 950 sec.) á dísilvélum, hvort heldur skipin taka brennsluolíu hérlendis eða erlendis.

Miðað við að olíufélögin selji brennsluolíu til íslenskra fiskiskipa á eftirfarandi verði:

Gasolíu á kr. 5.80 pr. líter.

Fuelolíu á kr. 3 330.00 pr. smálest.

fái olíufélögin greidda úr Olíusjóði fiskiskipa kr. 12 500.00 á hverja smálest af svartolíu, sem seld er ofangreindum skipum, frá og með 1. júlí 1975 eftir sömu reglum og greitt er undir a- og b-liðum þessarar greinar.

Kaupi umrædd skip svartolíu erlendis vegna veiða á fjarlægum miðum eða söluferða á erlenda markaði, skal endurgreiðslan aldrei vera hærrí en kaupverð svartolíunnar þar.

### 4. gr.

„Fiskiskip“ merkir í reglugerð þessari sérhvert það skip (eða bát) sem gert er út til fiskveiða í atvinnuskyni og skráð er (nafn- og undæmisnúmer) hjá Siglingamálastofnun ríkisins.

## 5. gr.

Oliufélögin skulu láta Seðlabankanum í té þær upplýsingar sem nauðsynlegar teljast til eftirlits með því að ákvæðum reglugerðar þessarar sé fylgt.

## 6. gr.

Heimilt er að takmarka niðurgreiðslu á brennsluolíu til þeirra fiskiskipa, er sigla á erlendan markað, eftir nánari ákvörðun ráðuneytisins.

## 7. gr.

Skipstjórum eða útgerðarmönnum íslenskra fiskiskipa, sem fá keypta brennsluolíu á niðurgreiðdu verði samkvæmt 3. gr. er skylt að halda til haga afritum af sölu-nótum og láta þau af hendi við Seðlabankann verði þess krafist. Seðlabankinn skal velja af handahófi einstök fiskiskip til athugunar á því, hvort oliukaup þeirra eru með eðlilegum hætti samkvæmt reglugerðinni.

## 8. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða missi niðurgreiðsluréttinda eftir ákvörðun ráðuneytisins, auk viðurlaga samkvæmt almennum hegningarlögum, eftir því sem við á. Hver sá maður, sem veitir liðsinni sitt til slíkra brota, skal einnig sæta viðurlögum almennra hegningarlaga.

## 9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 55 27. maí 1975 um ráðstafanir í sjávarútvegi og um ráðstöfun gengishagnaðar til þess að óðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er numin úr gildi reglugerð nr. 318 30. október 1974 um niðurgreiðslu verðs á brennsluolíu til íslenskra fiskiskipa.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 28. júlí 1975.*

**Matthías Bjarnason.**

*Gylfi Þórðarson.*

Nr. 361.

## REIKNINGUR

Verslunarbanka Íslands hf. og Verslunarlánasjóðs fyrir árið 1974.

Rekstursreikningur ársins 1974.

G j ö l d :

Reksturskostnaður bankans:

Laun .....	kr.	62 980 200.00	
Annar kostnaður .....	—	29 308 039.00	
			kr. 92 288 239.00
Greiddir vextir .....			— 178 835 432.00
Afskriftir .....			— 4 398 643.00
Lagt í varasjóð .....			— 17 617 280.00
Óráðstafaður tekjuafgangur .....			— 5 250 063.00

Kr. 298 389 657.00